



## Umhverfisstefna badmintondeildar BH

Badmintonfélag Hafnarfjarðar leggur áherslu á að íþróttastarf félagsins fari fram í sátt við umhverfið. Hreinlæti og góð umgengni íþróttamannvirkja skiptir máli í starfi félagsins og skulu iðkendur og félagsmenn meðvitaðir um þann þátt íþróttastarfsins.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar leggur áherslu á eftirfarandi þætti í starfi sínu:

- Gengið sé frá eftir hverja æfingu og keppni og bæði iðkendur og þjálfarar hjálpi að við frágang.
- Íþróttamannvirki séu reyklus.
- Hvatt er til sparnaðar með því að sameinast um bíla þegar sækja þarf mót og aðra viðburði út fyrir bæjarfélagið.
- Félagið hvetur iðkendur til að koma/fara hjólandi/gangandi á/frá æfingu/keppni.
- Flokka plast, pappír og endurnýtanlega ílát eins og flöskur og dósir frá öðru sorpi.
- Nota umhverfisvæn þvottaefni þar sem hægt er að koma því við.
- Fara vel og sparlega með badmintonkúlur og endurnýta þær eins og hægt er.
- Fara sparlega með öll aðföng.
- Hvetja iðkendur til að drekka vatn og nota fjölnota brúsa.
- Veita verðlaun og gjafir sem nýtast iðkendum eins og t.d. fatnað, íþróttabúnað, gjafabréf í mat og upplifun o.þ.h. í staðinn fyrir verðlaunapeninga.